

Reglur Garðabæjar um úthlutun sérstakra íþrótta- og tómstundastyrkja fyrir börn skólaárið 2020-2021 [og sumarið 2021] ¹

1) Samkvæmt samþykkt bæjarráðs 20.04.2021

1. gr.

Tilfni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþrótta- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþrótta- og tómstundastarfs, sbr. fjárukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Inntak styrkveitingar

Börn fædd á árunum 2005 – 2014 með lögheimili á tekjulágum heimilum, eiga rétt á íþrótta- og tómstundastyrk fyrir [lok sumars 2021] ¹. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþrótta- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021 [og sumar 2021] ¹, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþrótta- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi, [þ.m.t. leikjanámskeiðum og sumarbúðum] ¹. Ekki er heimilt að nýta íþrótta- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum. [Hægt er að nýta styrkinn til greiðslu keppnis- og mótsgjalds] ¹.

1) Samkvæmt samþykkt bæjarráðs 20.04.2021

3. gr.

Umsókn

Íþrótta- og tómstundastyrkur skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til Garðabæjar fyrir [31. júlí 2021] ¹ og miða skal við að íþrótta- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021 [eða á sumrinu 2021] ¹.

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá island.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða um hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið samkvæmt 1. mgr. 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til Garðabæjar þar sem umsækjandi á lögheimili. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til Garðabæjar.

Þegar jákvæð sjálfvirk niðurstaða frá island.is liggur fyrir er umsækjanda vísað á umsóknareyðublað Garðabæjar sem hann skal fylla út. Með umsókninni skulu fylgja gögn til staðfestingar á útlögðum kostnaði við íþrótta- og tómstundastarf barnsins á skólaárinu 2020-2021 [eða á sumri 2021] ¹.

1) Samkvæmt samþykkt bæjarráðs 20.04.2021

4. gr.

Málsmeðferð

Umsókn er afgreidd á bæjarskrifstofum Garðabæjar og getur afgreiðsla umsóknar tekið allt að 1-2 vikur. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti. Umsækjanda skal um leið kynntur réttur hans til að fara fram á að fjölskylduráð Garðabæjar fjalli um umsóknina. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um ákvörðun.

Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Um málsmeðferð, þ.m.t kærueimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á grundvelli leiðbeininga félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar

17. nóvember 2020

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*